

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 739/2011**

**2012/EES/67/49**

**frá 27. júlí 2011**

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis. Einkum vísa nokkur ákvæði varðandi skoðanir á kjöti í I. þætti (B-, D- og F-hluta II. kafla) og í II. þætti (I. og V. kafla), sem og í III. þætti (II. kafla) í I. viðauka við þá reglugerð, til sjúkdóma sem eru á skrá A eða B frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni.
- 2) Kerfi Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar fyrir flokkun og skráningu þessara sjúkdóma hefur breyst. Í stað A- og B-skrár kemur ein skrá frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni. Þar að auki er löggjöf Sambandsins sem stendur í samræmi við tilmæli Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar. Þar af leiðandi er flestum tilvísunum í þessar skrár ofaukið. Því er rétt að breyta viðkomandi ákvæðum I., II. og III. þáttar I. viðauka við þá reglugerð og vísa þess í stað til dýrasjúkdóma, sem falla undir löggjöf Sambandsins, við framkvæmd skoðana fyrir eða eftir slátrun eða aðra skoðunarstarfsemi, nema vísað sé til sjúkdóma, sem eru sem stendur óþekktir, sem eru upprunnir í þriðju löndum.
- 3) Í tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis <sup>(2)</sup> er kveðið á um að afurðir úr dýraríkinu eigi að vera af dýrum sem ekki koma frá bújörð, stöð, yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis sem sætir viðeigandi takmörkunum varðandi heilbrigði dýra. Í I. viðauka við

þá tilskipun er skrá yfir löggjöf Sambandsins sem nær yfir varnarráðstafanir vegna tiltekinna dýrasjúkdóma sem taka ber tillit til í viðskiptum með afurðir úr dýraríkinu. Til að tryggja samræmi skulu viðskipti með afurðir úr dýraríkinu einungis takmörkuð af ástæðum sem varða heilbrigði dýra og byggjast á löggjöf Sambandsins sem er skráð í I. viðauka.

- 4) Í samræmi við E-hluta II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum <sup>(3)</sup> má ekki greinast nein salmonella í 25 grömmum af nýju alifuglakjöti sem sett er á markað til neyslu. Samkvæmt þeim hluta gildir sú viðmiðun þó ekki fyrir nýtt alifuglakjöt sem fara á til hitameðhöndlunar í iðnaði eða annarrar meðhöndlunar til að útrýma salmonellu. Í 2. lið V. kafla II. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um að opinberum dýralækni sé heimilt að setja skilyrði um notkun tiltekins kjöts. Breyta skal 2. lið V. kafla II. þáttar til að gera opinberum dýralækni kleift að setja skilyrði um hitameðhöndlun í iðnaði eða aðra meðhöndlun til að útrýma salmonellu.
- 5) Því ber að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.04.2004, bls. 206.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júlí 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í I. þætti er II. kafla breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 2. liðar í B-hluta komi eftirfarandi:

„b) ástand sem kann að hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra og sérstök áhersla skal lögð á að greina sjúkdóma sem berast á milli manna og dýra (áður mannsmitanlega dýrasjúkdóma) og dýrasjúkdóma sem falla undir reglur um dýraheilbrigði sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins.“

b) Í stað 1. liðar í D-hluta komi eftirfarandi:

„1. Skrokka og tilheyrandi sláturmat skal taka tafarlaust til skoðunar eftir slátrun. Skoða skal allt yfirborð skrokka og sláturmatar. Í þessu skyni kann að vera þörf á lágmarksþreifingu á skrokk og sláturmat eða að nota sérstakan tæknibúnað í þessu skyni. Leggja skal sérstaka áherslu á að greina sjúkdóma sem berast á milli manna og dýra og dýrasjúkdóma sem falla undir reglur um dýraheilbrigði sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins. Hraði sláturlínunnar og fjöldi skoðunarmanna á staðnum skal vera slíkur að framkvæma megi fullnægjandi skoðun.“

c) Í stað d-liðar 1. liðar F-hluta komi eftirfarandi:

„d) greiningu dýrasjúkdóma sem falla undir reglur um dýraheilbrigði sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins.“

2) Ákvæðum II. þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. liðar I. kafla komi eftirfarandi:

„4. Ef grunsemdir vakna hjá opinbera dýralækninum, við skoðun fyrir eða eftir slátrun eða í tengslum við önnur eftirlitsstörf, um tilvist sýkils sem veldur dýrasjúkdómum sem falla undir reglur um dýraheilbrigði sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins skal hann tilkynna það lögbæra yfirvaldinu með viðeigandi hætti og skulu báðir aðilar grípa til allra nauðsynlegra aðgerða og varúðarráðstafana til þess að koma í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu sýkilsins í samræmi við gildandi löggjöf Sambandsins.“

b) Ákvæðum V. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað e-liðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„e) það er af dýrum sem eru með dýrasjúkdóma sem falla undir reglur um dýraheilbrigði, sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins sem er skráð í I. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/99/EB(\*), nema það sé fengið í samræmi við sértæku kröfurnar sem kveðið er á um í þeirri löggjöf, nema kveðið sé á um annað í IV. þætti.“

(\*) Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

ii. Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Opinberum dýralækni er heimilt að setja skilyrði um notkun kjöts af dýrum:

a) úr neyðarslátrun utan sláturhúss, eða

b) úr hópum þar sem kjötið er meðhöndlað í samræmi við E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003 áður en það er sett á markað.“

3) Í stað e- og f-liðar 3. liðar II. kafla III. þáttar komi eftirfarandi:

„e) það þegar um er að ræða uppkomu dýrasjúkdóma sem falla undir reglur um dýraheilbrigði sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins. Þetta varðar dýr sem eru næm fyrir þeim tiltekna sjúkdómi sem um ræðir og koma frá því tiltekna svæði, eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar ráðsins 64/432/EBE (4),

f) það þegar strangara eftirlit er nauðsynlegt til að taka tillit til nýtilkominna sjúkdóma eða tiltekinn sjúkdóma sem eru í skrá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar.“

(\*) Stjtið. EB L 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.